

Umhverfis- og orkustofnun
Norðurslóð Borgum,
600 Akureyri

Garðabær, 8. ágúst 2025
202507-0049/A.B.
08.05

Efni: Ósk um umsögn – Umsókn um rannsóknarleyfi á vatnasviði Gilsár í Fljótsdal Umhverfis- og orkustofnun.

Vísað er í erindi Umhverfis- og orkustofnunar dags. 9. júlí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um umsókn Orkusöslunnar ehf., kt. 560306-1130, um rannsóknarleyfi á afmörkuðum hluta vatnasviðs Gilsár í Fljótsdal. Umsóknin er lögð fram með vísan til laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og tekur til tímabundinna rannsókna sem miða að mati á fýsileika og hagkvæmni vatnsaflsvirkjunar í Gilsá.

Í greinargerð kemur fram að rannsóknarsvæðið liggja á mörkum Fljótsdalshrepps og Múlaþings og nái yfir Gilsárdal frá upptökum Gilsár við suðurenda Lagarfljóts. Svæðið er afmarkað með hnitum og nær yfir jarðir í eigu einkaaðila og ríkisins, m.a. Vallholt, Hrafnkelsstaði, Ytri-Víðivelli og Hallormsstað.

Rannsóknaráformin ná til allt að 5 ára og fela í sér landmælingar, jarðfræðirannsóknir (þ.m.t. gryfjur og mögulegar kjarnaboranir), rennslismælingar og athuganir á gróðri, vatnalífi og jarðmyndunum. Ekki er gert ráð fyrir vegagerð, en beltatækjum verði ekið að rannsóknastöðum utan skráðra vega.

Rannsóknunum er ætlað að leggja grunn að frekari hönnun og mati á fýsileika virkjunar. Komi til virkjunartillögu mun hún sæta mati á umhverfisáhrifum og fara í skipulagsferli.

Náttúruminjaskrá – aðrar náttúruminjar

Umfjöllun um svæði nr. 618 – Ranaskógur og Gilsárgil – og hvort rannsóknaráform samræmist verndargildi svæðisins.

Í greinargerð kemur fram að hluti rannsóknarsvæðisins nær inn á svæði nr. 618 á C-hluta náttúruminjaskrár: *Ranaskógur og Gilsárgil, Fljótsdalshreppi, Vallahreppi, N- og S-Múlasýslu*. Svæðinu er lýst sem stórbrotnu gljúfri og vöxtulegum skógi, og það nær m.a. til Gilsárgils og Gilsárdals.

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið fellur undir aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að rannsóknir hafi áhrif á gljúfur, skóga eða verndargildi svæðisins. Náttúruverndarstofnun leggur hins vegar áherslu á að tryggt sé að allar rannsóknir innan marka skráðs svæðis fari fram án röskunar á þeim þáttum sem taldir eru grundvöllur skráningar – einkum landslagi, skógarbreiðum og gljúfurmyndun. Leggja skal mat á sjónræna og efnislega röskun þegar framkvæmdarstaðir eru valdir.

Rannsóknarleyfi skal að mati stofnunarinnar kveða skýrt á um að verndargildi svæðis skv. náttúruminjaskrá verði virt og rannsóknir þar verði háðar sérstakri aðgæslu og samráði við viðkomandi yfirvöld ef hætta er á röskun.

Votlendi og birkiskógur

Náttúruverndarstofnun bendir á að votlendi og birkiskógur sem er innan rannsóknarsvæðisins nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í leyfinu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef leyfið gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Land og skógur hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla leyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Aðgengi og utanvegaakstur

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er akstur utan vega óheimill.

Í greinargerð kemur fram að nota eigi beltagröfu og aka henni utan skráðra vega að rannsóknastöðum. Slíkt telst utanvegaakstur og er einungis heimill ef hann er sérstaklega heimilaður í útgefnu rannsóknarleyfi eða framkvæmdaleyfi. Nauðsyn slíks aksturs verður að vera rökstudd og metin sérstaklega af leyfisveitanda, skilgreind séu mótvægisaðgerðir og skilyrði um frágang.

Gróður, rask og varptími fugla

Rannsóknir sem fela í sér jarðrask, s.s. við gryfjugröft, boranir eða akstur utan vega, geta haft áhrif á gróður og fuglalíf, einkum á viðkvæmum svæðum með birkiskógi, votlendi eða mosa- og graslendi. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að slíkar rannsóknir verði aðeins framkvæmdar utan varptíma fugla, nema sýnt sé fram á að þær valdi ekki truflun á varpi.

Jafnframt skal forðast jarðrask á viðkvæmum vistgerðum og gróðurþekju og tryggja að allur frágangur raskaðra svæða, þar á meðal gryfja og slóða, fari fram án tafar. Á þeim stöðum þar sem gróður raskast skal unnið markvisst að endurheimt, eftir föngum, og huga að vöktun ef svæði eru viðkvæm eða við náttúruminjar.

Virkjun í Gilsárgili - Mat á áhrifum virkjunar á náttúruminjaskrá

Eins og kemur hér fram að ofan nær hluti rannsóknarsvæðisins yfir svæði nr. 618 á náttúruminjaskrá, Gilsárgil og Ranaskógur, sem stórbrotið gljúfur og birkiskógur. Náttúruverndarstofnun telur að virkjunarframkvæmdir, verði af þeim, geti rýrt þetta verndargildi varanlega.

Virkjun í Gilsá myndi óhjákvæmilega fela í sér mannvirkjagerð s.s. stíflu, aðrennslisleið og stöðvarhús. Slík mannvirki geta breytt árfarvegi, raskað skógi, dregið úr rennsli í gílinu og haft afgerandi sjónræn áhrif.

Að mati stofnunarinnar gætu virkjunarframkvæmdir haft neikvæð umhverfisáhrif og óafturkræft tjón á náttúruverðmætum svæðisins ef stórbrotið landslag, gljúfur og birkiskógur, sem hafa verið tekin sérstaklega til skráningar á náttúruminjaskrá, yrðu raskað.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Hákon Ásgeirsson
sviðsstjóri